

- Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.
- Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrir en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur verði samkv. ákvörðun bæjarráðs hverju sinni.

15. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

- a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
- b. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
- c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað nr. 392 frá 29. október 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Sparisjóðs Eyrarsveitar, Grundarfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sparisjóðs Eyrarsveitar, Grundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sparisjóðs Eyrarsveitar.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 20. nóv. 1982 af ábyrgðarmönnum Sparisjóðs Eyrarsveitar sem hér eftir nefnast sjóðsfélagar. Stofnfé sjóðsins er kr. 1 209 000,00 — sem er höfuðstóll

Sparisjóðs Eyrarsveitar þegar rekstri sjóðsins var hætt þann dag.
Endanlegt uppgjör mun koma með ársreikningum 1983.
Tekjur sjóðsins eru: A. vaxtatekjur, B. aðrar tekjur.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar- og líknarmál í Eyrarsveit, svo sem málefni kirknanna í sveitinni, stuðning við aldraða, og önnur menningarmál.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem kosin er af sjóðsfélögum, skal skipuð þremur mönnum, og kosin til þriggja ára, þó þannig að ætíð sé kosinn einn stjórnarmaður árlega.

Stjórn styrktarsjóðsins skal sjá um að sjóðsfélagar verði ekki færri en tuttugu, og gerir stjórnin tillögu til aðalfundar um inntöku nýrra félaga. Nú eru sjóðsfélagar 29.

5. gr.

Stjórnin skal bera ábyrgð á eignum sjóðsins, taka á móti umsóknum um styrki úr honum, en fundur sjóðsfélaga tekur ákvörðun um styrkveitingar. Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnar og funda sjóðsfélaga. Aðalfund skal halda eigi síðar en í maí ár hvert.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum í Búnaðarbanka Íslands, Grundarfirði. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðun Búnaðarbanka Íslands eða löggiltir endurskoðendur endurskoða ársreikninga sjóðsins.

7. gr.

Fundur sjóðsfélaga skal ákveða hvenær úthlutun hefst úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum hluta vaxta og verðbóta hverju sinni, nema ekki sé úthlutað hámarki árið áður.

8. gr.

Ef aðalfundur sjóðsfélaga ákveður með $\frac{2}{3}$ atkvæða að starfsemi sjóðsins verði af einhverjum ástæðum hætt, skal hreppsnefnd Eyrarsveitar ráðstafa fé sjóðsins til menningar- og líknarmála í Eyrarsveit.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með vilja $\frac{2}{3}$ hluta sjóðsfélaga en tillaga um breytingu sé send bréflaga til sjóðsfélaga fyrir aðalfund.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.